

Stjórnu­grís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2022  
UST202203-008/K.K.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 23.08.2022 – Stjórnu­grís hf, Brautarholti**

Þann 23. ágúst 2022 fór fram eftirlit í Stjórnu­grís hf að Brautarholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en sex frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 9.3 í starfsleyfi. Ekki er skráður fjöldi dýra í húsunum fyrir hvern mánuð. Stofnuninni hafa einungis borist gögn um mögulegan hámarksfjölda grísa yfir 30 kg en ekki heildarfjölda dýra.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Engir útreikningar eða greining hefur verið framkvæmd á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft.
3. Gr. 6.2 í starfsleyfi. Allt þurrefni svínamykjunnar er dreift á tún og land í Hvalfjarðarsveit. Engir samningar eru til staðar við móttökuaðila áburðarins.
4. Gr. 6.2 í starfsleyfi. Lengra en 5 ár eru liðin frá síðustu rannsókn á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta).
5. Gr. 9.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var ekki skilað fyrir 1. maí. Græubókhaldi var skilað þann 23. ágúst og útstreymisbókhaldi var skilað þann 9. ágúst. **Frávikinu telst lokið.**
6. Gr. 1.2 í fylgiskjali 1 í starfsleyfi, Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Notkun lóðar og húsnæðis samrýmist ekki skipulagi. Það er mat Umhverfisstofnunar að starfsemin teljist mengandi og eigi því ekki heima á landbúnaðarsvæði heldur skuli vera á iðnaðarsvæði.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. nóvember 2022.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*

Sigríður Magnúsdóttir  
*Sérfræðingur*